Aðalfundur 15.04. 2013.

Fundur var settur klukkan 19:10.

Jóna Jóhanna Steinþórsdóttir var kosin fundarstjóri og Grétar Pálsson fundarritari. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin og samþykkt. Hanna Sigurðardóttir formaður las skýrslu sína. Samþykkt var að breyta gjalddögum félagsgjalda þannig að fyrir árið í ár verði gjalddaginn 15. september 2013 en fyrir næsta ár 2014 og framvegis verði gjalddagi félagsgjaldanna 15. apríl. Þessi ákvörðun er gerð til að mæta gjalddögum á gjöldum til BIG. Ákveðið var að nemar myndu greiða 3.000 krónur í félagsgjöld. Ekki er greitt af nemum til BIG. Félagsgjöld til BIG er 1.500 krónur á hvern fullgidlan félaga en BIG vill hækka það í 2.000 og síðan í 2.500 krónur.

Gunnar Gunnarsson er með nöfn þeirra sem hófu nám í cranió áður en Thomas kom að náminu. Ástæða þykir að hvetja alla sem hafa byrjað nám að koma á æfingarkvöld hjá okkur. Sjö æfingarkvöld hafa verið haldin núna og hefur mæting verið mjög góð.

Námskröfur sem BIG er með um okkar nám eru ekki í samræmi við okkar námskröfur. Stjórninni er falið að athuga málið.

Áslaug las upp reikninga fyrir 2012 og gerði grein fyrir þeim. Reikingarnir voru samþykktir.

Kosið var í stjórn. Áslaug Jóhannsdóttir gefur ekki kost á sér áfram og var Eygló Björk Sigurðardóttir kosin í hennar stað. Hjördís Kristinsdóttir og Ásta Fríða Baldvinsdóttir voru samþykktar sem ednruskoðendur reikinga.

Þing BIG verður 8. maí og var samþykkt að Jóna Jóhanna Steinþórsdóttir, María Hlinadóttir og Eygló Björk Sigurðardóttir verði okkar fulltrúar þar og að Ragnheiður Guðnadóttir, Stephanaía S. Ólafsdóttir og Selagh J. Smith verði til vara. Fulltrúi okkar í stjórn BIG verður valinn af stjórn.

Önnur mál

1. Fjölgun í félaginu. Reyna á að ná til þeirra sem hafa hafið nám og vekja áhuga hjá þeim aftur
2. Endurnýjun á réttindum. Endurnýjun á réttindum á að fara fram á tveggja ára fresti með námskeiði. Athuga á hvort æfingarkvöldin hjá okkur geti komið í stað eða haft áhrif á endurnýjun. Skólinn Höfuðlausn var með kynningu á væntanlegri starfsemi sinni fyrir tveimur árum síðan. Hann hefur enn ekki komist á koppinn. En þeir sem að honum standa munu halda ótrauðir áfram. Tryggingar. Við þurfum sjálf að sjá um okkar trygginga og hafa auga með að þær séu í lagi.

Margrét Aðalsteinsdóttir var veik og féll því fyrirhuguð kynning á kírófónetik niður.

Gunnar Gunnarsson, Halldór og Steinunn voru með kynningu á Proargi 9+ þetta er undraefni sem eykur súrefnisupptöku í líkamanum. Gott við sykursýki, hjarta- og æðasjúkdóma svo

eitthvað sé nefnt. Fleiri upplýsingar er hægt að finna á netföngunum mamaveitbest.com og halldor@halldor.is

Mættir voru

Eygló Björk Sigurðardóttir

Guðrún Jónsdóttir

Gunnar Gunnarsson

Stefanía S. Ólafsdóttir

Shelagh Smith

Elísabet Einarsdóttir

Unnur G. Kristinsdóttir

Ragnheiður Guðnadóttir

Áslaug Jóhannsdóttir

Grétar Pálsson

Hanna Sigurðardóttir

Jóna J. Steinþórsdóttir

María Hlinadóttir.

Grétar Pálsson, ritari.